

**401. fundur
Hreppsnefndar Tálknafjarðar
haldinn Miðtún 1,
fimmtudaginn 14. maí 2009 og hófst hann kl. 17:00**

Fundinn sátu:

Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir (EIS), Guðni Ólafsson (GÓ), Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG), Bragi Geir Gunnarsson (BGG), Birna Benediktsdóttir (BB),

Fundargerð ritaði: Sif Karlsdóttir (SK)

Oddviti setti fundinn og athugaði hvort að athugasemdir væru við boðaða dagskrá, svo var ekki. Oddviti óskaði eftir tilbrigði við boðaða dagskrá, settur var inn 13. dagskrárliður og færðust hinir liðirnir sem því nemur, samþykkt samhljóða.

Dagskrá:

1. 0905001F - Byggingarnefnd Tálknafjarðarhrepps - 26

Til máls tóku BB og BGG
Samþykkt samhljóða

2. 0905005F - Skólanefnd Tálknafjarðarhrepps - 39

Fundargerðirnar samþykktar samhljóða

3. 0905036 - Samband íslenskra sveitarfélaga. Fundargerð 763. fundar

Samþykkt samhljóða

4. 0905038 - Umhverfisráðuneytið. Varðandi hættumat ofanflóða fyrir Tálknafjörð

Til máls tóku BGG, BB, GÓ og EIS
Lagt fram til kynningar

5. 0905034 - Parket og gólf. Tilboð í gólf á Íþróttahúsi

Allir tóku til máls
Tilboði hafnað
Samþykkt samhljóða

6. 0905032 - Sýslumaðurinn á Patreksfirði. Ósk um umsögn vegna rekstrarleyfis fyrir Kaffisæla

Allir tóku til máls
Hreppsnefnd sér ekkert því til fyrirstöðu að leyfið verði veitt
Samþykkt samhljóða

7. 0905045 - ÍSOR. Greinagerð varðadi öflunar heits vatns

Allir tóku til máls
Hreppsnefnd gerir enga athugasemd við skýrsluna og leggur til að málið verði unnið áfram með ÍSOR, Orkubúi Vestfjarða og landeigendum.
Samþykkt samhljóða

8. 0905033 - Sveitarstjóri Tálknafjarðarhrepps, Olga Möller. Bréf dagsett 8. maí

Allir tóku til máls
Það er ljóst að sveitarfélagið þarf að skoða allar tillögur til hagræðingar.
Samþykkt samhljóða

9. 0905035 - Sveitarstjóri Tálknafjarðarhrepps, Olga Möller. Aðgerðir til hagræðingar. Bréf dagsett 8. maí

Allir tóku til máls
Lagt fram til kynningar

10. 0905030 - Sveitarstjóri Tálknafjarðarhrepps, Olga Möller. Bréf dagsett 22. apríl

Allir tóku til máls
Samþykkt samhljóða sbr 42. fundargerð skólanefndar Tálknafjarðar

11. 0905024 - Indriði Guðjónsson. bréf dagsett 7. maí

Allir tóku til máls
Erindið samþykkt samhljóða. Oddvita og byggingarfulltrúa falið að ganga frá málinu

12. 0905050 - Stúdentaráð Háskóla Íslands. Bréf dagsett 4. maí

Hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps skorar á stjórn Strætó bs. að veita framhalds- og háskólanemum, sem stunda nám á höfuðborgarsvæðinu og eiga lögheimili utan starfssvæðis Strætó bs., sömu kjör og nemendum sem eiga lögheimili innan starfssvæðisins. Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafa umtalsverðar tekjur af framhalds- og háskólanemum af landsbyggðinni sem oft eiga engan annan kost en að sækja til höfuðborgarsvæðisins í nám. Þess vegna er það sanngirnismál að þeim sé ekki mismunað í gjaldtöku hjá Strætó bs.
Samþykkt samhljóða

13. 0905057 - Sýslumaðurinn á Patreksfirði. Bréf dagsett 12. maí

Hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps gerir ekki athugasemd við að leyfið verði veitt.
Samþykkt samhljóða

14. 0811032 - Upplýsingagjöf framkvæmdarstjóra

Allir tóku til máls

Framkvæmdarstjóri leggur fram handrit af ársreikningi.

Sumarstörf og starfsemi tjaldsvæðis og sundlaugar rædd.

15. 0905037 - ÍSÍ. Samþykktir 69. ípróttapings ÍSÍ

Lagt fram til kynningar

16. 0905031 - Samband íslenskra sveitarfélaga. Námsleyfi kennara og skólastjóra grunnskóla skólaárið 2009-2010

Lagt fram til kynningar

17. 0905029 - Búnaðarsamtök Vesturlands. Samstarfsverkefni um þjóðlendumál. Yfirlit um stöðu mála

Lagt fram til kynningar

18. 0905028 - Bændasamtök Íslands. Ályktun um fjallaskil

Vísað til fjallskilaneftndar

Samþykkt samhljóða

19. 0903033 - VerkVest drög að rammasamningi

Lagt fram til kynningar

Ályktun um sjávarútvegs mál

Meirihluti hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps lýsir þungum áhyggjum yfir þeirri óvissu er ríkir um fiskveiðistjórnunarkerfið og tekur undir öll varnaðarorð sem fallið hafa í þeim efnum. Hin boðaða fyrningarleið stjórnvalda og hugmyndir um upptöku strandveiða á kostnað úthlutunar byggðakvóta eru reiðarslag fyrir útgerðar- og fiskvinnslufyrirtæki í sveitarfélaginu og þar af leiðandi fyrir atvinnulífið og samfélagið í heild sinni. Sjávarútvegur er önnur af grunnatvinnuvegum landsins og byggir fjöldi fólks beint og óbeint afkomu sína á honum. Tryggja verður með óyggjandi hætti að ef breytingar verða gerðar á fiskveiðistjórnunarkerfinu miði þær að því að tryggja betur störf þeirra þúsunda sem í sjávarútvegi starfa og auka atvinnuöryggi í sjávarbyggðunum, ásamt því að treysta stöðu fyrirtækja í greininni. Meirihluti hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps hvetur stjórnvöld til að standa vörð um stöðu og framtíð sjávarútvegsins ekki síst í ljósi þeirrar óvissu sem nú ríkir um land allt eftir efnahagshrunið.

Samþykkt EIS, BG og GÓ

BB og BGG greiða atkvæði á móti ályktuninni.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:05

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____